

Kayakklúbburinn



Ársskýrsla 2013

Dagskrá aðalfundar 6. feb. 2014

1. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla fráfarandi stjórnar lögð fram.
3. Skýrslur nefnda lagðar fram.
4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram, útskýrðir og bornir upp til samþykktar.
5. Umræða um skýrslu stjórnar og nefnda og afgreiðsla reikninga.
6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram tillögur að lagabreytingum og bornar undir atkvæði.
8. Önnur málefni sem borist hafa til stjórnar lögð fram og borin undir atkvæði.
9. Kosning formanns og fjögurra meðstjórnenda sem skipta með sér verkum í samræmi við 9. grein.
10. Ákvörðun félagsgjalda.
11. Önnur mál.
12. Fundargerð.
13. Fundarslit.

Skýrsla stjórnar 2013

Síðasti aðalfundur var haldinn 31. janúar 2013 og voru þar mættir 19 félagsmenn sem er nokkuð nærri meðaltali undanfarinna ára. Samkvæmt nýjum lögum klúbbsins sem samþykkt voru fyrir ári síðan fækkaði stjórnarmönnum um einn og varð úr að Lárus Guðmundsson hætti í stjórn og er eftirsjá að honum þaðan.

Stjórn Kayakklúbbsins 2013 var því skipuð:

Páll Gestsson, formaður

Gísli Karlsson, gjaldkeri

Klara Bjartmarz, ritari

Örlygur Sigurjónsson

Sveinn Axel Sveinsson

Í stuttu máli sagt þá var árið 2013 fínt ár hjá klúbbum. Klúbbmeðlimum hefur farið fjölgandi undanfarin ár og greidd félagsgjöld voru 12% hærri 2013 en 2012. Einnig aukast tekjur vegna geymslugáma ár frá ári og helsta vandamálið þar er eftirspurn sem kallar eftir útpenslu gámabyggðarinnar góðu. Ekki er vitað annað en að aðstaðan okkar sé vel liðin af nágrönnum í Grafarvoginum en allt hefur sín takmörk.

Síðasti aðalfundur samþykkti að Kayakklúbburinn myndi senda inn athugasemdir vegna nýrra náttúruverndarlaga og var það gert. Einnig fóru fulltrúar klúbbsins á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og gerðu grein fyrir áherslum klúbbsins.

Í sumar vann Guðni Páll Viktorsson það magnaða afrek að róa kringum Ísland við afar erfiðar aðstæður. Stjórn er hreykin að hafa kappann í klúbbum og óskar honum enn og aftur til hamingju með titilinn.

Allnokkrir smærri viðburðir voru skipulagðir á árinu og má þar meðal annars nefna veðurfræðifyrirlestur, fyrirlestur sjúkraþjálfara og erindi um sjávarnytjar.

Á Sjómannadaginn var klúbburinn með tjald og kynningu við Reykjavíkurhöfn. Þar voru meðal annars til sýnis heimagerðir kayakar og sull í höfninni. Þetta var vel sótt og tókst ágætlega.

Dagsróðrar frá Geldinganesi af sérstöku tilefni voru nokkrir að venju. Þar má nefna Þórraróður, Hörpuróður, Friðarsúluróður og Gamlársróður ásamt opnu sjókayaknámskeiði sem Guðni Páll sá um. Allt viðburðir sem falla vel í kramið og verið skemmtilegir.

Nýmæli í félagsróðurum urðu í byrjun vetrar þegar róðrarstjórar voru skipaðir fyrirfram og raðað á laugardaga. Þetta fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir og verður líklega framhald á.

Þrátt fyrir talsverðar framkvæmdir í Geldinganesi var ágætis hagnaður eins og kemur fram í hjálögðum ársreikningi. Fjárhagsstaða klúbbsins er sterk og góður hagnaður á hverju ári. Í ljósi þessa mælir stjórn með að félagsgjöldin verði óbreytt árið 2014. Einstaklingsgjald 4500 krónur og fjölskyldugjald 6000 krónur.

Skemmtinefnd klúbbsins hefur legið í dvala um nokkurra ára skeið. Kayakklúbburinn var með í uppskeruhátíð SÍL í byrjun vetrar og þar voru m.a. veittar viðurkenningar fyrir Íslandsmeistara og fleira. Tókst alveg ágætlega.

Ritnefnd hefur ekki starfað formlega enda ekkert útgefið efni á prenti. Gunnar Ingi hefur uppfært og lagfært heimasíðuna á árinu og virkar hún mjög vel. Vefumsjónarkerfi klúbbsins var síðasta haust uppfært úr nokkuð gamalli útgáfu í þá allra nýjustu. Heimasíðan fékk við það breytt útlit þar sem forsenda eldri framsetningar virkaði ekki í nýrri útgáfu. Kostur nýrrar framsetningar og vefkerfis er stuðningur við spjaldtölvur og snallsíma. Auk þess er síðan betur varin netárásam sem voru eldra kerfi erfiðar. Samskipti kayakfólks á korkinum eru einstök og fór töluverð vinna í að yfirfæra hana alla sem nær frá 2007. Í framhaldi af þessari vinnu voru eldri færslur/sögur lagfærðar til að falla betur að formi vefsíðna og myndasöfn sem voru ósýnileg í framenda færð inn á picasa síðu klúbbsins.

Nefndir klúbbsins eru lykillinn í góðu starfi hans og meðfylgjandi skýrslur þeirra gefa ágætis yfirsýn yfir verkefni þeirra á árinu. Á skýrslunum má sjá að nefndirnar inna af hendi mikið og óeigingjarnt starf.

Nefndirnar 2013 og formenn þeirra:

Ferðanefnd, Gunnar Ingi Gunnarsson
Húsnæðisnefnd, Össur Imsland
Keppnisnefnd, Egill Þorsteinsson
Sundlaugarnefnd, Magnús Sigurjónsson
Ungliða- og fræðslunefnd, Ólafur B. Einarsson

Stjórn þakkar nefndum og formönnum þeirra sérdeilis vel fyrir gott starf og samstarf á árinu og formaður þakkar kærlega fyrir góða og skemmtilega samvinnu síðastliðin 6 ár og kveður sáttur.

Ferðaskýrsla 2013

Ferðanefnd 2013 var skipuð þeim : Bjarna Kristinssyni, Einari Sveini Magnússyni, Páli Reynissyni, Reyni Tómasi Geirssyni, Sigurjóni Magnússyni, Smára Ragnarssyni, Örlygi Sigurjónssyni og undirrituðum Gunnari Inga Gunnarssyni.



Mynd 1 - JG

Hlutverk ferðanefndar er að koma með tillögur að ferðum, finna umsjónarmenn ferða og kynna

þær. Umsjónarmaður skipulegur ferð, fær nauðsynleg leyfi t.d. að fara um einkalönd og gistingu

þar sem það á við. Hefðin hefur verið að hver nefndarmaður hefur tekið að sér að minnsta kosti eina ferð í skipulagningu og fararstjórn.

Að venju þurfti ekki marga nefndarfundi. Einn fundur í byrjun febrúar og tölvupóst samskipti fyrir og eftir þar sem hugmyndir voru vegnar, metnar og úthlutað. Ferðadagsskrá var svo auglýst tuttugasta febrúar.

Ferðadagsskrá var nokkuð hefðbundinn, róður á Sjómannadag, Jónsmessu, Breiðafjarðarferð á sínum stað, róður á vatni og dagsróðar í nágrenni höfuðborgarinnar. Straumhvörf urðu hinsvegar í ferðum straumbáta sem nú hafa lagst af, engin ferð í straumá þetta árið.

Í umræðu landsmanna var ekki mikil ánægja með veðrið í sumar en þrátt fyrir það þurfti ekki að aflýsa neinni ferð hjá okkur þess vegna. Aðeins ein ferð var ekki farin en það skrifum við á axlamein ómissandi farastjóra en ekki veðrið. Þátttaka í ferðum var samt áberandi minni en áður og má örugglega kenna veðrinu um það.

Í sumar fylgdumst við í andakt með forknum okkar Guðna Páli takast á við hringróður um Ísland þar sem veðrið og náttúran var ekkert að klappa honum neitt blíðlega. Annan hring fórum við aftur í haust með kappanum Gísli HF þegar hann gaf út hringróðrar endurminningar sínar í bókinni „Á sjókeip kringum landið“.



Mynd 2 - JG

Ég þakka ferðanefnd og fararstjórum samstarfið og kayak ræðurum samveruna í ár.

Gunnar Ingi Gunnarsson

Vatnaskil verða í ferðanefnd og ferðum kayakklubbsins því kjölfesta hina vinsælu Breiðafjarðarferða, Reynir Tómas tekur sér frí frá nefndinni eftir langa setu. Reynir er frumherji og reynslubolti í sjókayak ferðamensku. Gott skipulag og stjórnun hans á Breiðafjarðarferðunum hefur áunnið þeim fastan sess og mikilla vinsælda hjá ræðurum og á stjóran þátt í útbreiðslu kayaksportsins undanfarin ár. Þakka ég Reynir hans framlag og treysti á að reynsla hans og ráðgjöf nýtist áfram í klúbbum.



Mynd 3 - ÞK

Engey, Akurey og Grandahólmi

Dagsetning : 20. Apríl

Fararstjóri : Gunnar Ingi Gunnarsson

Veðurspá gekk eftir, léttskýjað, léttur vindur (ca SA 3m/s) og léttur hiti (3-5gr). Veðrið skapaði ekki tíðindi nema með haföldu síðustu viku sem skall á norðanmegin eyja. Ýtt úr vör við enda Eyjaslóðar í Örfirisey. Þar er góð sandfjara þar sem jafnvel má geyma bíla en það eru líka fin bílastæði við götuna. Vitað að lítil starfsemi Olíudreifingar var þennan dag við bryggjuna



Mynd 4 - ÞK

en það var þarna erlent olíuskip með hásetum sem veifuðu til okkur í bakaleið. Frá enda bryggjunar þveruðum við að Engey. Við héldum þéttum hópi því þarna er leið túristabátana sem líklega sáu ekkert í sinni ferð annað marglita markeipa með margbrotu marfólki.

Frá Engeyjar boða fórum við austan eyjar að norðurenda þar sem flest forðustum að lenda í öldubroti sem þó freistaði nokkra að leika sér í. Vestanmegin tókum við land í Vesturvör og

skoðuðum miðhluta eyjarinnar, neðanjarðarbyrgi og bæjarrústir Vesturbæjar.

Frá Engey þveruðum við aftur túristabátana og rérum að Akurey, norður fyrir og tókum land vestan megin nema þeir sem vildu lúxus lendingu í sandfjöru austanmegin. Kaffistopp í upphlöðnu birgi og umræður um komandi leiðangur GPV og lýsingar á róðarsvæði Kanadamanna. Við enda Akureyjar voru skemmtilegar öldur sem komu sitt hvoru megin austa og vesta með eynni. Tóku nokkrir öldubrimreið á þeim sem aðeins hvoldi einum. Úr þeirri björgun var róðið að Grandahólma og þaðan til baka að Örfirisey.

18 markeipa ferð sem tók tæpar 4 klst. Fín byrjun á róðarferðum sumarsins. Þeir sem réru : Lárus, Kolla, Eymi, Erna, Sævar, Maggi, Rúnar, Þorbergur, Elísabet, Björk, Kanadamaður, Þóra, Klara, Guðni Páll, Þorsteinn, Einar Sveinn, Reynir Tómas og GIG.

Kjalarnes

Dagsetning : 4 maí

Fararstjóri : Sigurjón Magnússon

Róðrarstjóri : Össur Imsland

Flottur róðurur á einhverju fallegasta róðarsvæði hér í nágreni Reykjavíkur. Það voru sjö vaskir ræðarar sem réru. Einar Sveinn, Gunnar Ingi, Smári, Rúnar, Reynir Tómas, Þorbergur og undirritaður. Að mínu mati er þetta róðarsvæði allt of sjaldan róið og þurfum við að



Mynd 5 - ÞK

halda því til streitu að fara þarna að minnsta kosti einu sinn á ári.

Ekki gekk óhagstæð brimspá eftir en þó er ekki rétt að neita því að undiralda var til staðar á hluta svæðissins. Hún var þó greinilega að koma langt að og var mjög aflíðandi enda enginn vindur til staðar til að espa hana upp að neinu leiti (fengum eiginlega logn mest allan tímann, nema rétt í lokin). Að sjálfsögðu brotnaði aldan á skerjum og boðum en þessa staði mátti vel greina með hæfilegri fjarlægð og því lítið mál fyrir okkur flesta að halda okkur á rólegri svæðum. Það er þó alltaf svoleiðis að leikgleðin í sumum er það mikil að erfilega getur reynst að hemja hana böndum og endaði það þannig að lagfæra þarf aðeins gelcoat á einum annars ný viðgerðum og stíf bónuðum bát eftir svona leikaraskap, þessi áhætta fylgir víst.

Hörpuróður

Dagsetning : 1.júni

Fararstjóri : Bjarni Kistinsson

Róðarstjóri : Gísli Karlsson



Mynd 6 - ESM

Róður frá Skarfakletti (Klettagarðar), framhjá Laugarnesi, meðfram Sæbraut og í Reykjarvíkurhöfn. Sýningarsvæði við sjóminjasafnið skoðuð. Tekinn smá veltu- og björgunarsýning. Róið sömu leið til baka.

Gálgahraun

Dagsetning : 08. júní

Fararstjóri : Gunnar Ingi Gunnarsson

Róðarstjóri : Gísli Karlsson

Loksins komið vor í kayak fólk. Yfir 30 manns mættu í róður enda hitinn er komin yfir 10 gráður. Sólin lét ekki sjá sig en það hélst þurr og sjórinn hlýnar.

Róðið var úr miðjum Arnarnesvognum frá ramp við Háubakka. Róðarstjórinn Gísli K. hóf róðurinn formlega í smá-smábátahöfn í væntanlegu bryggjuhverfi þeirra Garðbæinga við Löngulínu. Róðið þaðan fyrir bryggjuhverfið meðfram stönd Hraunsvíkur og Gálgahrauns um Eskines inn í Lamhústjörn.

Kaffistopp tekið sunnarlega í Gálgahrauninu. Þar kynntu Reynir Tómas og undirritaður dagskrárliði sumarsins.



Mynd 7 - ÁIS

Áfram var róíð yfir Lambhúsatjörnina en núna þvert yfir í átt að Bessastöðum því lágt var orðið í tjörninni og enn nokkuð í láfjöru. Ekki sáum við forsetan, frú eða hjú með pönnukökur og þá ekkert annað að gera en að róða til baka út tjörnina og til baka í upphafsstað.

Gaman að því hvað margir mættu, konur eru að verða í meirihluta og það fer að verða hefð að hafa bandaríkjamenn með í ferð. Núna komu með okkur kayak hjón hjá Boston sem kunnu sýnilega sitthvað fyrir sér í þessu sporti. Lárus Wales veltumeistari byrjaði velting sem smitaði útfrá sér svo helmingur báta var á hvolfi og aðrir á réttum kili.

Þessi róður sem hófst um 10:30 var um 8km og lauk rétt fyrir tvö. Nokkrir bættu við kílómetrana með því að koma róandi annarsvegar úr Nauthólsvík og hinsvegar frá Álftanesi og til baka þurftu þeir líka að fara.

Jónsmessuróður

Dagsetning : 22.júní

Fararstjóri : Einar Sveinn Magnússon

Róðrarstjóri : Össur Imsland

Jónsmessuróðurinn þetta árið var færður fram um sólahring til að sem flestir gætu mætt, það var vel tekið í þá hugmynd.

Það voru 21 ræðarar sem mættu í Jónsmessuróðurinn í frábæru verðri. Grillaðar voru pylsur fyrir róður í umsjá Össurar. Lagt var af stað kl 22:00 og róíð með landinu frá Hvammsvík . Kaffistopp var tekið í fjöruni undir þjóðveginum. Því næst var róíð til baka í gríðarlega fallegri birtu og spegilsléttum sjó. Farið var undir gömlu bryggjuna og var það afar fallegt þar sem spegilsléttur sjór var og falleg birta.

Það var afar fallegt á heimleið því að tunglið var óvenju stórt þetta kvöld. Flottur kvöldróður í góðum félagsskap.



Mynd 8 - ESM

Hofsstaðavogur-Kolgrafafjörður-Grundarfjörður

Dagsetning : 29. júní til 1. Júlí

Fararstjóri : Páll Reynisson

Frásögn í tveimur hlutum.

Fyrri hluti frá Reyni Tómasi:

Þetta var með eftirminnilegri ferðum á vegum klúbbssins og bestu þakkir til Páls Reynissonar fyrir að skipuleggja þessa góðu daga. Róðurinn hófst í frábæru veðri í Hofsstaðavogi (laxveiðiumsjónarmenn aðeins varir um sig en vinsamlegir og hjálplegir þegar til kom), þaðan var farið í Purkey, svo fram hjá arnarsetri og selaheimkynnum í Hafnareyjar þar sem lundinn



Mynd 9 - PR

réð ríkjum, inn í Kumbaravog og inn fyrir Landey í Bjarnarhöfn. Þar var hið besta tjaldstæði og vel tekið á móti okkur af Hildibrandi bónda þar. Hann hafði okkur í einkafræðslu um svæðið og safnið á virkilega góðu kvöldi.

Nóttin var kyrrlát og sérlega falleg með logni og minnti á að á næsta ári þyrfti að hafa ferð þar sem róið yrði að nóttu til en sofið á daginn! Bjart veður og sólríkt var næsta dag en kominn nokkur strekkingur af norðri þegar lagt var upp suður fyrir Guðnýjarstaðahólma og í nokkrum hliðarvindi út í Akureyjar. Þar tók Jóhann sumarbóndi á móti okkur af

mikilli gestrisni, með kaffi og meðlæti á fallegum og skjólgóðum palli og við fengum ekki bara að hvílast og

hressast heldur líka að skoða eyjuna og húsin sem að stofni til eru 100 ára gömul. Útsýnið á Bjarnarhafnarfjall, inn Kolgrafafjörðinn og austanverða Eyrarsveitina var frábært. Svo var róið á góðu lensi og undan allnokkrum vindi inn Kolgrafafjörð að Ámýrum, tekin pása og svo farið í talsvert miklum vindi (u.þ.b. 10 m/sek) inn fjörðinn. Róðurinn var strembinn og lent inn við Baulutanga í Kolgrafafirði til að ná landi. Við vorum 6 af 10 sem hættum þar, en fjórir knáir ræðarar hentu sér af stað í ölduna aftur og reru eins og fyrirhugað var inn í botn Kolgrafarfjarðar. Við hin sóttum bíla (8 km ganga fyrir tvo okkar) og snerum heim á leið en hinir héldu áfram túnum.

Seinni hluti frá Páli R:

Þetta var vel heppnað ferðalag og þakka ég öllu samferðafólki samveruna þessa daga. Veður og ábúendur í Bjarnarhöfn og Akureyjum áttu einnig mikinn þátt í ánægjunni. Þau sem þátt tóku í ferðinni voru auk mín, þau Reynir og Steinunn, Sveinn Axel og Hildur, Þorbergur og Frauka, Magnús M., Þorsteinn J. og Perla.

Til þess að fullgera ferðalýsinguna er rétt að tíunda róður hinna "fjögurra fræknu", Sveins, Hildar, Perlu og mín.

Frá Baulutanga og fyrir Berserkseyrarodda rérum við í nokkurri öldu, sem skjótt lægði er við nálgðumst brúna. Þó virtist sterkur vindstrengur og röst liggja út frá brúnni, en við austari brúarsporðinn var lygna. Við vorum þarna nokkuð nálægt liggjandanum eftirsóttá og áttum ekki í nokkrum vandræðum með að komast inn fyrir. Síðan var lens in miðjan fjörðinn að Hrafnkelsstaðabotni. Uppi á bakkanum við austurenda túns Eiðis-bæjarins eru ágæt

tjaldstæði og víðsýni mikið um fjörðinn. Hægviðri var og sólarglennur um kvöldið en kólnaði nokkuð er leið á kvöldið.

Snemma morguns 1. júlí var logn um allan fjörð, en NA-kaldi er líða tók á daginn. Ákváðum við að hentugast væri að hefja róður frá Baulutanga, komum öllu okkar hafurtaski þangað og hófum róður yfir Urthvalafjörðinn með stefnuna á Öndverðareyri. Kíktum við þar á gamlar bæjartóftir, en þar bjuggu Eyrbyggjar á landnámsöld. Matarhlé tókum við í Suðurbótinni á Eyrarodda.

Róður fyrir Eyrarfjallið var tíðindalítill og höfðum nú vind og öldu frekar með okkur. Kíktum við þó aðeins á skarfabyggðina í Írlandi. Róðurinn léttist enn frekar er komið var fyrir Skarfatangann. Inn á Grundarfirði var hið ágætasta veður og huggulegt að róa með skerjum og töngum inn með austurströndinni. Gerðum við stutta áningu í fjörunni undir Setbergi og lukum síðasta legnum inn að Grundarkampi um hálf sex, og lauk þar með þessari þriggja daga útilegu.

Heildarvegalengd róin um 55 km.

Reyðarvatn

Dagsetning : 6.júlí

Fararstjóri : Reynir Tómas Geirsson

Við vorum átta alls: Reynir, Perla, Gísli HF, Lilja, Sveinn Axel, Hildur, Rúnar Ólafs og Grímur Kjartans, sem lögðum upp við innri (suðvestur) enda vatnsins í nokkrum vindi í bakið. Þá var ágæt útsýn til fjalla, en á leiðinni út vatnið til norðurs bætti í sunnanvind.

Við áðum í góðri laut við upptök Grímsár við fallegan foss og flúðir þar sem straumendur voru, en á meðan gaf í vindinn.

Bakaleiðin einkenndist af baráttu við mikinn mótvind inn vatnið. Tvö okkar fóru í "róðrar- og göngudeild" klúbbsins sem myndaðist í Kolgrafarferðinni um daginn og við gengum hálfa leiðina tilbaka (vegur er inn með vatninu), hinir reru af stakri þrautseigju inn vatnið.

Spáin hafði verið þökkaleg fram á laugardaginn, varð svo aðeins stífari en ekki svo slæm eins og reyndin varð. En engu að síður ágæt útivera þegar allt kom til alls.



Mynd 10 - SP

Kúagerði – Álftarnes

Dagsetning : 14.júlí

Fararstjóri : Sigurjón Magnússon



Mynd 11 - SM

Upprunalega átti að byrja ferðina við í Álftanesi en vegna sjólags og vindáttar var byrjað í Kúagerði og endað í Álftarnesi. Voru 11 bátar á sjó og fyrsti leggurinn frá Kúagerði að Straumi. Þá var hópurinn orðinn kaffi þurfi. Sáust nokkrir selhausar stinga sér upp úr sjónum en við nánari skoðun reyndust þetta kafarar við æfingar. Það var greinilegt að sumir taka kaffið hátíðlegra en

aðrir meðan flestir voru með kaffi á hita brúsa mætti ónefndur gjaldkeri kúbsinns með ný ristað og malað kaffi sem var soðið í sérhönnuðum primus hitara með áföstu drykkar íláti. Ekki má gleyma ferskri mjólk beint af bú til að setja út í kaffið.

Eftir næringu var haldið haldið innar í hraunið í skoðunar ferð og leik. Þar týndist Lárus nokkur um stund en kom síðan aftur þegar hann var náði áttum á ný. Hélt róðurinn síðan áfram meðfram mannvirkjum álversinns og síðan manna dælunni. Ætlunin var að lenda við gólfvöll Keilis til að rifja upp gamlar minningar frá Sædýrasafninu sem var þar forðum en aðstæður leyfðu það ekki. Var því Hafnafjarðar höfnin þveruð. Vegna báta umferðar var þverað í tveimur hópum.

Fjótlega eftir þverun var annað kaffistopp ferðarinnar. Ferðin endaði síðan í Álftanesi eftir 19.2 km róður í góðum félagsskap.

Breiðafjörður

Dagsetning : 9-11 ágúst

Fararstjóri : Reynir Tómas Geirsson

Róðrarstjóri : Magnús Sigurjónsson

Ferðafélagar voru Reynir Tómas, Steinunn, Gunnar Ingi, Lárus og Kolla, Grímur Kjartans, Guðmundur Breiðdal, Gísli Karls, Perla, Magnús S. Magnússon, Guðni Páll, Magnús Einarsson, Sveinn Axel og Hildur, Páll Reynis, Sigurjón, Egill, Bjarni Kristinsson, Guðrún Jónsdóttir, Magnús Norðdahl, Jónas Guðmundsson, Magnús Sigurjónsson, Þóra og Klara, og Hilmar Pálsson.



Mynd 12 - JG

Nokkrir komu á fimmtudag og tjölduðu á Miðjanesi og réru á föstudeginum en heldur mun þá hafa verið hvasst. Síðdegis hafði lægt og sól var í heiði.

Lagt var af stað frá höfninni Klauf við Stað í dálitlum vindi í bak og stjórnborða yfir Þorskafjarðarmynnið að Skálanesi. Róðrarstjóri var Maggi Sigurjóns. Gísli og Gunnar Ingi leiddu fremst alla ferðina. Fyrsta pása var við Skálanesið niður undan bænum og svo var haldið áfram milli smáeyja og skerja og tanga inn Kollafjörðinn um það bil þröjung hans, svo þverað yfir á Bæ. Þar var góð landing og ágætt tjaldstæði í Ytri Vognum niður undan gamla bænum. Þarna tóku á móti okkur heiðurshjónin Hjalti Einarsson og Kristjana Jóhannesdóttir.

Tjaldað var í þurru, en smá rigningu gerði um nóttina (Gummi Breiðdal bættist í hópinn um kl. hálf tvö !). Næsta dag var aðeins dumbungur, en þegar róíð var af stað létti til, þó ekki sæist í fjallatoppa. Farð var út með nesinu, enn á milli skerja og fyrir smá nes inn í Kvígindisfjörðinn að Kirkjubóli, þar sem var lent í sandfjöru og tekin önnur góð hvíld. Þaðan var farið aðeins lengra inn fjörðinn og svo út með vesturströnd hans (örn sást) út á Svínanes. Þar var stoppað og gengið heim að bænum. Hann var yfirgefinn 1959. Gaman var að skoða hann þó hann sé að verða rústarlegur. Í ofni á einum veggnum var nýleg ritgerð á ensku um rannsóknir á staðnum. Við Kumbaravog á nestánni eða aðeins vestar versluðu Englendingar (Kumbarar = Cumbria á vesturströnd Englands) og síðar Þjóðverjar frá Hamborg og Brimum fram undir einokunartímann. Þarna hittum við 3 Frakka á skemmtiferð og hægri siglingu á fellikayökum og ræddi Magnús SM við þá að sjálfsögðu. Svo var róíð aðeins inní mynni Skálmarfjarðar, en hætt var við að fara á Skálmarnes vegna tímans sem í það hefði farið og haldið aftur tilbaka fyrir mynni Kvígindisfjarðar í Bæjarnesið. Þar var stoppað á og við sker eitt, enda sumir sísvangir með í för. Svo var róíð tilbaka á Bæ. Sumir fóru útúrdúra, svo sem lengra inn Skálmarfjörðinn og í hellaskoðun við Bæjarnesið. Allan daginn var nánast logn og nokkrir dropar úr lofti gerðu hreint ekkert til að minnka stemmninguna. Afslappaður og flottur dagur.



Mynd 13- JG

Kvöldið leið við grill og varðeld í fjörunni þar sem Hjalti og Kristjana heimsóttu okkur. Þóra og Klara notuðu nýju finnsku pönnuna. Einhver rokhrissingur og rigning um nóttina vakti ekki alla. Sunnudagur rann upp með sól í heiði. Eftir morgunmat var farið í þurra gallana í skemmunni góðu og svo í kaffi og spjall hjá hjónunum. Svo var haldið tilbaka í Klauf í rjómaþlíðu, fyrst í Skálanes og strauma þar, svo beint á Klaufarhöfn. Þar dengdi helmingur hópsins sér í sjósund í gallanum, eins og sjá má af finum myndum. Svo til allir enduðu í sundi á Reykhólum, en þá í heldur efnisminni göllum.

Á Bæ ráða ríkum hjónin Hjalti Einarsson og Kristjana Jóhannesdóttir. Kristjana er dóttir síðustu ábúenda sem fluttu burt 1962. Hún var yngst barnanna, heimasætan í orðsins fyllstu merkingu og sagði okkur margt frá lífinu á bænum og í sveitinni meðan þar var bú með 3 kúm og 200 fjár. Móðir hennar, Guðrún Kristjánsdóttir, var ljósmóðir sveitarinnar og eyjanna úti á norðanverðum Breiðafirði frá 1933-62. Hjónin sýndu okkur alveg einstaka gestrisni. Ekki einasta fengum við að tjalda og fá að þurrka föt í mikilli upphitaðri skemmu á staðnum, þar sem Hjalti strengdi snúrur fyrir okkur (og þar sem var fínasta klósett og heitt og kalt vatn), heldur var okkur boðið til bæjar í kaffi og vöflur að morgni laugardagsins, aftur þegar við komum úr laugardagsróðri og enn var kaffi og fínasta meðlæti að morgni sunnudagsins. Dvaldist sumum þar við spjall við hjónin og við að skoða húsið með ýmsum gömlum munum. Þetta var sérstakt og annarri eins gestrisni og góðvild man ég ekki eftir í Breiðafjarðaferðunum.

Alls voru rónir $12 + 26 + 9 \text{ km} = 47 \text{ km}$.

Hvalfjörður Hvítanes-Þyrilsey

Dagsetning : 17. ágúst

Fararstjóri : Smári Ragnarsson

Róðrarstjóri : Gísli H. Friðgeirsson

Fyrirhugað var að róa frá Hvítanesi í Hvalfirði yfir á Þyrilsnes, gera kaffistopp í Þyrilsey, róa yfir Brynjudalsvog og aftur í Hvítanesið. Áætluð vegalengd var um 12 km og ferðin var auglýst sérstaklega fyrir byrjendur og nýliða.



Mynd 14- ÞJ

Á sjó fóru 19 bátar, yst á Hvítanesi úr lítilli vík vestan við stóru bryggjuna frá stríðsárunum. Guðni Páll var róðrarstjóri til aðstoðar, Þóra var fremsti ræðari og Klara aftast. Eftir lauslegt mat okkar á getu hópsins og með hliðsjón af NA 4-6 m/s mótvindi frá Þyrilsnesi ákváðum við Guðni Páll að fara ekki beint yfir á Þyrilsnes en róa fyrst inn í áttina að Fossá. Allt gekk þetta vel og hópurinn fór í land í þægilegri sandfjöru sunnan í Þyrilsnesi til að rétta úr sér.

Áætlunin var að róa austur með Þyrilsnesi og þvera yfir í eyjuna, en alltaf má búast við vindhviðum af Þyrli í þröngum Botnsvoginum. Við klettasnös einna mátti greina í fjarska að

vindstrengur rótaði sjónum upp innan við Þyrilsey. Hópurinn þéttist þarna við klettinn, en þegar Þyrilsey varð sýnileg hertu sterkari ræðarar á sér og stefndu beint á eyjuna og hópurinn dreifðist langt frá landi.

Þá barst vindhviða yfir okkur eins og hendi væri veifað og ólgusvæðið, fyrir innan Þyrilsey, með hvítfextum vindöldum brunaði hratt til okkar. Það er mat mitt að þessi vindur hafi verið á bilinu 15-20 m/s í um 10 mín eftir að hann hófst, en síðan minnkað niður í 10-12 m/s og að fremstu ræðarar hafi átt eftir um 200 m en þeir öftustu um 400 m í Þyrilsey þegar hviðan skall yfir.

Hópurinn hefði aðeins átt eftir 5-10 mínútna róður að Þyrilsey í stilltu veðri en nú tvístraðist hann. Nokkrir ræðarar tóku vel á og skiluðu sér fljótt að landi í Þyrilsey. Þrír ræðarar fengu aðstoð til að ná til Þyrilseyjar, einn hópur sló alveg undan vindi vestur með Þyrilsnesi og fór í land í skjólgóðri vík. Annar hópur fór undan vindi, með vindinn aftan á vinstri hlið og í land neðan við þjóðveginn gegnt Þyrli.

Hópurinn í Þyrilsey tók matar-og menningarhlé eins og fyrirhugað var en ekki var ráð að sameina hópana um sinn, vindur enn hvass og margir þurfandi fyrir hvíld og hressingu. Sævar flutti hópnum pistla um merka sögu þessa svæðis. Loks sameinuðst hóparnir þrír á ný utan við Fossá og heim var haldið að loknum eftirminnilegum degi.

Þingvallaferð aflýst

Myndasmiðir

- (ÞK) Þorbergur Kjartansson
- (JG) Jónas Guðmundsson
- (ESM) Einar Sveinn Magnússon
- (ÁIS) Ágúst Ingi Sigurðsson
- (PR) Páll Reynisson
- (SP) Sigríður Perla
- (SM) Sigurjón Magnússon
- (ÞJ) Þorsteinn Jónsson

Skýrsla Húsnæðisnefndar

Húsnæðisnefnd 2013

Össur Imsland (ossur@hja.com), formaður

Páll Gestsson (pall.gestsson@hja.com)

Gunnar Ingi Gunnarsson (gunnar.ingi@hja.com)

Einar Sveinn Magnússon (esm@hja.com)

Sigurjón Magnússon (sigurjonmagnusson@hja.com)


Hlutverk nefndarinnar er að reka fasteignir og aðra aðstöðu Kayakklúbbsins og vinna í málum er tengjast framtíðaraðstöðu klúbbsins. Klúbburinn hefur aðstöðu á þremur stöðum. Í sundlauginni í Laugardal, í Nauthólsvík og á Eiðinu við Geldinganes.

Í **sundlauginni í Laugardalnum** höfum við fengið að geyma báta í kjallara innilaugarinnar. Þetta eru mest straumvatnsbátar sem eru notaðir við æfingar og kennslu í innilauginni. Þessa aðstöðu fáum við án endurgjalds.

Í **Nauthólsvík** leigjum við aðstöðu af Siglingaklúbbnum Brokey. Þar eru pláss fyrir 35 báta ásamt aðgengi að búningasklefum og sturtum. Leigan sem við borgum þar er nokkurn veginn á pari við þau geymslugjöld sem innheimtast þannig að þau standa nánast undir leigukostnaði. Nokkur pláss eru oftast laus í Nauthólsvík.

Gerð var tilraun með viðgerðaraðstöðu í sal í Korpu. Þessi aðstaða var ekki nýtt og höfum við því ekki áunnið okkur afnotarétt af þessari aðstöðu lengur. Tilrauninni var því sjálf hætt og að okkar mati ástæðulaust að halda þessu áfram.

Höfuðstöðvar Kayakklúbbsins eru á Eiðinu við Geldinganes og samanstanda af 13 gámaeiningum.



Teikning af aðstöðunni í byrjun árs 2014



Ljósmynd tekin 9.5.2013

Fjórum 20 feta einangruðum aðstöðu gámum, kaffi- og sturtuáðstaða og karla- og kvennaklefar, sjö 20 feta kayakgeymslugámum, og tveim 40 feta kayakgeymslugámum. kayakgeymslugámarnir reiknast til að hýsa a.m.k. 9*20 báta eða 180 báta auk félagsbáta og sit on top báta sem settir eru í hliðarpláss í 40 feta gámunum. Einum 20 feta gám var bætt við nú í janúar 2014 og leysti geymsluvandann en biðlisti var kominn eftir geymsluplássum. Staðan er því þannig nú í byrjum árs 2014 að laus pláss eru um 15, sem er vel.

Það er óhætt að segja að gámbyggðin hafið verið að vaxa ört á síðustu árum. Það má velta fyrir sér því á hvaða tímapunkti skynsamlegt sé að halda að okkur höndum varðandi fjölgun gáma á svæðinu. Gámabyggð sem þessi er ávalt dulítið viðkvæm og oftast litið á hana sem lýti í umhverfinu. Klúbburinn verður að passa sig á að eiga ekki á hættu að skapa neikvæða umræðu um byggðina í heild sinni. Það er klárt mál að ekki er hægt að bæta endalaust við gámum á svæðið.

Nefndin hefur á síðasta ári sem endranær lagt mikið upp úr því að halda gámunum og nær umhverfi þeirra eins snyrtilegu og nokkur kostur er. Á síðasta ári voru heilmiklar framkvæmdir sem allar miðuðu að því að fegra, snyrta og síðast en ekki síðst að bæta aðstöðuna okkar. Keyptir voru 6 steypueiningarþekkir og settir vestan við geymslugámana bæði sem hindrun þannig að bíla legðu ekki fyrir þá og einnig sem búkkar undir kayaka þegar verið er að höndla þá inn og út úr geymslunum. Gámarnir voru málaðir og eru flestir sammála því að þessi litur sem þeim hefur verið valin sé vel til þess fallinn til að draga úr áhrifum þeirra á umhverfi sitt þannig að þeir séu eins lítt áberandi og nokkur kostur er, fínir felulitir.

Vinnudagurinn á vorinn hefur verið að festa sig í sessi og sanna gildi sitt og var á sínum stað. Má segja að margt hafið verið gert og má þar helst nefna: Rafmagnslagnir í aðstöðugámunum voru endurnýjaðar og endurlagðar að stórum hluta. Festir voru upp ofnar og gengið varanlega frá lögnum að þeim. Borið í pallinn og rekkverk. Yfirfarnir lásar á gámum og sem og allar hurðir smurðar og liðkaðar. Skilrúm fært til í sturtugám sem skapaði heilmikið þarft rými í og við sturtur. Rusl á svæðinu tínt og heilmiklir malarflutningar og sléttun svæðis átti sér einnig stað á þessum flotta degi. Í vetur var svo sett upp nýtt aðgangskerfi í aðalhurðina þannig að ákveðin símanúmer (borgandi félagsmenn) munu hafa innhringiaðgang í kerfið sem opnar hurðina þegar hringt er í númer hennar. Þetta kerfi er mjög sniðugt og auðveldar aðgang auk þessa að betri stjórnun næst á hverjir hafa virkan aðgang. Þannig er hægt að loka aðgangi á þá félagsmenn sem ekki greiða félagsgjöldin. Þeir sem óska eftir aðgangi hafa samband við Palla Gests.


Gerð var tilraun til að sækja um styrk úr Hverfissjóði Reykjavíkur. Hann var eyrnamerkur því að laga veginn niður á Eiðið og fegra og bæta ásynd aðstöðunnar. Ekki gekk það eftir en einhver áhrif hafði þó umsóknin og skýringarnar með henni því við fengum veginn lagaðan og lagðan bundnu slitlagi að hluta.

Framtíðarstaðsetning klúbbsins:

Í gegnum árin hafa þessar línur verið að skýrast nokkuð. Um tíma voru uppi hugmyndir að höfuðstöðar



Núverandi gámabyggð á loftmynd



Hugmynd af höfuðstöðvum klúbbsins, staðsetning á svipuðum stað og núverandi gámabyggð

Kayakklúbbsins kæmu til með að rísa á NA verðu Geldingarnesi eða við víkina sem við kayakiðkendur nefnum oft Veltuvík. Sú staðsetning var talin vænleg vegna fyrirhugaðrar Sundabrautar og

uppbyggingar byggðar í Geldingarnesi. Nú er hinsvegar ljóst að hvorki Sundabraut né uppbygging í Geldingarnesi kemur til með að eiga sér stað á næstu áratugum. Húsnæðisnefnd ákvað á haustfundi sínum 2009 að falla frá þessari hugmynd og fókusera á uppbyggingu höfuðstöðva kayakklúbbsins á Eiðinu við Geldingarnes. Í framhaldi af því var óskað eftir því við borgaryfirvöld að unnið yrði deiliskipulag af svæðinu þannig að skilgreina mætti klúbbum lóð og byggingarreit fyrir framtíðar aðstöðu. Árið 2010 var samþykkt í skipulags- og byggingarsviði borgarinnar að unnið yrði að gerð forsagna/lýsingar fyrirhugaðs deiliskipulags og í framhaldi af því deiliskipulagið sjálft. Árið 2011 var orðin til lýsing og hún lögð fyrir skipulagsráð Reykjavíkur til kynningar og samþykktar auk þess sen hún var send hagsmunaaðilum og Skipulagsstofnunnar til yfirlstrar og athugasemda. Lýsingin ber nafnið Norðurströndin, Blikastaðakró – Geldingarnes, lýsing og matslýsing fyrir deiliskipulag Dags 12.05.2011. Lýsingu sem þessa ber samkvæmt skipulagslögum að vinna sem forgagn þar sem fyrirhuguðu deiliskipulagi er lýst í máli og myndum, mörkuð stefna, skilgreind nýting svæðissins, verndarákvæðum lýst o.s.frv. Það er því ljóst að mikil vinna hefur þegar verið unnin og má segja að málið þokist í rétta átt. Þó er klárt að mikil vinna er en eftir áður en samþykkt deiliskipulag tekur gildi og klúbbum verður tryggt svæði á Eiðinu. Það er því mikilvægt að fylgja þessum málum vel eftir og stefnir nefndin að því að funda með skipulagsyfirvöldum á komandi mánuðum og kann hvar þessi vinna er nú stödd en líklegt verur að teljast að lítið hafi þokast síðan lýsing kláraðist 2011. Það er að miklu leiti undir okkur komið að reka á eftir þessum málum og má segja að við höfum að einhverju leiti sofnað þarna á verðnum en úr því verður bætt hið snarasta.

Ekki er þó rétt að segja að við höfum verið stein sofandi því nú í desember endurnýjuðum við umsókn okkar um leyfi fyrir gámunum á svæðinu. Þar sem ekki er til skilgreind lóð né byggingarreitur hefur byggingarfulltrúi ekki lagalega heimild til að gefa út formlegt byggingarleyfi. Vegna þessa er okkur nú sem endranær beint á þá braut að sækja um stöðuleyfi. Það er samkvæmt reglugerðum einungis heimilt að gefa út til eins árs í senn og er eiginlega hugsað sem leyfi fyrir gámum vegna framkvæmda, s.s. vinnuskúrum og eða efnisgeymslugámum á með vinnu standur.

Við fengum útgefið stöðuleyfi frá byggingaryfirvöldum en það var síðast fengið 2008, en samkvæmt lögum ber að endurnýja árlega. Nú höfum við leyfi fyrir gámunum á svæðinu til 17. desember 2014. Það er því brýnt að ýta þessum málum áfram í kefinu þannig að hægt sé að koma þessum leyfismálum í varanlegt horf og pressa á byggingaryfirvöld að vinna áfram í gerð deiliskipulags fyrir svæðið með skilgreindri lóð og byggingarreit fyrir höfuðstöðvar kayakklúbbsins.

Hitt er svo annað mál að trúlega verður erfitt að fá varnalegt leyfi fyrir gámabyggð þar sem gámar eru ekki skilgreindir sem varnalegt mannvirki. Það er annað stríð sem barist verður þegar þar að kemur, nema við förum bara að huga að varnalegri byggingum.

Fyrir hönd húsnæðisnefndar 2013 Össur Imsland.

Sjókayakar

Keppnir til Íslandsmeistaratitils

Í upphafi árs var ákveðið að fjórar keppnir gæfu stig til Íslandsmeistaratitils á sjókayak. Keppninar voru:

- Reykjavíkurbíkar, um 10 km
- Hallarbíkarinn, 5-6 km
- Hálfmararönn, Nauthólsvík-Geldinganes, 22 km
- Sprettkeppni á Reykjanesi

Stig voru gefin fyrir hverja keppni og skyldu mest þrjár keppnir telja hjá hverjum þátttakanda. Fylgt var sömu keppnisreglum og árið 2012.

Reykjavíkurbíkar

Keppni um Reykjavíkurbíkarinn var haldinn á Vorhátíð Kayakklúbbsins þann 11. maí 2013. Alls tóku 17 ræðarar þátt. Róðið var réttsælis kringum Geldinganesið og þaðan róinn hringur sem afmarkaðist af bauju í Blikastaðakrónni (hólmi var ekki hringaður). Það voru 12 ræðarar sem tóku þátt í 10 km róðri karla, sex kepptu í flokki ferðabáta og fjórir í flokki keppnisbáta. Sigurvegari í flokki keppnisbáta varð Ólafur Einarsson (0:51:40 – Stellar brimskíði) og setti hann hraðamet. Í flokki ferðabáta sigraði Sveinn Axel Sveinsson (0:58:26 - Kirton Inuk). Í 10 km róðri kvenna voru fjórir þátttakendur og sigraði Þóra Atladóttir (01:07:12 – Valley Nordkapp). Í 3 km róðri kvenna sigraði María Breiðdal (32:54). Enginn keppandi var í 3 km róðri karla. Eftir keppni var haldin þyrluæfing með þyrlusveit Landhelgisgæslunnar.

Hallarbíkarinn

Félagar í Kayakhöllinni sáu um keppni um Hallarbíkarinn þann 25.maí 2013. Keppnin var nú í fyrsta sinn tekin inn í keppni um Íslandsmeistaratitilinn. Róðið var í og við Nauthólsvík og var leiðin um 5,5 km á lengd.

Fjórtán þátttakendur mættu til leiks. Í flokki ferðabáta hjá körlum kepptu 6 og hlutskarpastur varð Sveinn Axel Sveinsson (33:11, Kirton Inuk). Í flokki keppnisbáta hjá körlum kepptu 4 og sigurvegari varð Torben Gregersen (30:00, Cleaver) Í flokki ferðabáta hjá konum kepptu 4 og sigurvegari varð Þóra Atladóttir (38:55, Valley Nordkapp).

Hálfmararönn, Nauthólsvík-Geldinganes

Ákveðið var að hvíla Hvammsvíkurmararönnið og keppa í staðinn í hálfmararönn milli Nauthólsvíkur og Geldinganes. Hugmyndin var að með styttri vegalengd gætu fleiri þátttakendur takið þátt.

Keppni var haldin laugardaginn 24. ágúst 2013 (sama dag og Reykjavíkummararönn var hlaupið). Róðið var um 22 km í tveimur áföngum (8,3km – 13,8km). Ræst var frá Nauthólsvík (hjá Siglingaklúbbnum

Siglunesi) og róíð að skyldustoppi við Gróttu (Seltjörn, 5mín. stopp). Frá Gróttu var róíð að keppnismarki í Geldinganesi og þurfti að fara innfyrir bauju sem var staðsett við Sólfarið (við Sæbraut). Keppt var með hefðbundnu sniði í karla- og kvennaflokki og í flokki ferðabáta og keppnisbáta.

Aðstæður til keppni voru ágætar, það var nokkur hliðarvindur á leggnum Nauthólsvík-Grótta en mildar aðstæður frá Gróttu að Geldinganesi.

11 ræðarar mættu til leiks og luku 10 keppni. Ólafur B Einarsson sigraði í keppnisbátaflokki karla (02.15:05 á Dominator XL, meðalhraði 10,0 km/klst), Eymundur Ingimundarson í ferðabátaflokki karla (02:16:07 á Kirton Inuk, meðalhraði 9,72 km/klst) og Þóra Atladóttir í ferðabátaflokki kvenna (02:37:27 á Rockpool Taran, meðalhraði 8,46 km/klst).

Reykjaneskeppni

Stefnt var að því að vestfirðingarnir í Sæfara héldu sprettkeppni í tengslum við Hausthitting í Reykjanesi. Það var ákveðið á staðnum að falla frá keppni sökum lítils áhuga, því var engin keppni haldin á vegum Sæfara.

Íslandsmeistari í karlaflokki

Íslandsmeistari í karlaflokki varð Sveinn Axel Sveinsson, í öðru sæti varð Ólafur B. Einarsson og Bernhard K. Ingimundarson varð í þriðja sæti. Meðfylgjandi tafla tilgreinir þá sem tóku þátt í keppnum í karlaflokki.

	Reykjavíkurbíkarinn		Hallarbíkarinn		Hálfmararönn		Samtals stig
Karlaflokkur	Ferðab.	Keppnisb.	Ferðab.	Keppnisb.	Ferðab.	Keppnisb.	
Sveinn Axel Sveinsson	100		100		80		280
Ólafur Einarsson		100		50		100	250
Bernhard Kristinn Ingimundarson		50		80		80	210
Eymundur Ingimundarson		80			100		180
Gunnar Svanberg Skúlason		60		60		60	180
Egill Þorsteins	45		60		50		155
Örlygur Steinn Sigurjónsson	60		80				140
Torben Gregersen				100			100
Höskuldur Tryggvason	36		50				86
Guðmundur Breiðdal	80						80
Gunnar Ingi Gunnarsson					60		60
Páll Reynisson	50						50
Óssur Imsland					45		45
Ingimundur Stefánsson			45				45
Stígur Már Karlsson			40				40
Sigurður Sig.	40						40
Ágúst Ingi Sigurðsson	32						32

Íslandsmeistari í kvennaflokki

Íslandsmeistari í kvennaflokki varð Þóra Atladóttir með fullt hús stiga (300 stig). Í öðru sæti varð Klara Bjartmarz og Inga D. Karlsdóttir varð í þriðja sæti.

	Reykjavíkurbíkarinn		Hallarbíkarinn		Hálfmararöð		Samtals stig
Kvennaflokkur	Ferðab.	Keppnisb.	Ferðab.	Keppnisb.	Ferðab.	Keppnisb.	
Þóra Atladóttir	100		100		100		300
Klara Bjartmarz	80		80		80		240
Inga Dagmar Karlsdóttir	60		60				120
Björg Kjartansdóttir			50				50
Perla Thorsteinsson	50						50

Aðrar keppnir á sjókayak

Keppni í sjókayakfærni

Keppnisnefnd skipulagði keppni í sjókayakfærni laugardaginn 21.september 2013. Keppnin átti að vera með sama sniði og árið 2012. Þegar til kom var ekki nægilega mikil þátttaka og hætt var við keppni.

Straumkayakar

Fremur líttill áhugi virðist vera á keppnishaldi á straumkayak og engin keppni var haldin árið 2013

Keppnisnefnd árið 2013

Keppnisnefnd ársins 2013 var svo skipuð:

Egill Þorsteins
Klara Bjartmarz
Össur Ímsland

Ársskýrsla sundlaugarnefndar Kayakklúbbsins 2013

Hlutverk sundlaugarnefndar;

Setur upp æfingatöflu í samráði við stjórn, sér til að manna námskeið, félags- og nýliðaæfingar þó skal ávalt einn úr nefndinni mæta á félags- og nýliðaæfingar enda hafa þeir einir lykil að lauginni til að opna og ganga frá og læsa eftir æfingar. Sjá til þess að vel sé gengið um kjallarann og þann búnað sem þar er. Skila skýrslu til sundlaugastjóra fyrir 5. hvers mánaðar og sjá til þess að hún sé rétt útfyllt.

Nefndin skili skýrslu til stjórnar fyrir aðalfund þar sem kemur fram fjöldi æfinga og þátttaka.

Nefndarmenn 2013 voru

Magnús Sigurjónsson msigsmidur@gmail.com

Hörður

Sveinn Axell

Guðni Páll

Perla

Störf nefndarinnar voru samkvæmt venju að halda æfingar í sundlaugunum í Laugardal,

Æfingarnar þetta árið urðu 27 talsins og þar mættu 703 eða að meðaltali 26 á hverja æfingu. Talsverð nýliðun hefur orðið á æfingum og er það gott mál.

7 námskeið voru haldin á vegum nefndarinnar og sóttu þau 41, Þetta er aðeins lakara en í fyrra.

Breytt hefur verið um inngang fyrir okkur til að koma með bátana inn í laugina en það var sett á okkur krafa um að við skuluðum bátana með brunaslöngunni við dyrnar.

Þetta var gert til að þagga niður athugasemdir hjá öðrum sundlaugargestum ekki vegna sóðaskapar af okkar völdum.

Við þökkum fyrir þáttökuna á árinu og vonumst til að sjá sem flesta í lauginni á þessu ári.

Við viljum hvetja menn til að nota vel þessar æfingar því þetta er ómetanleg reynsla þegar einhvað gerist við alvöru aðstæður, Þá er of seint að æfa sig.

Fyrir hönd sundlaugarnefndar

Magnús Sigurjónsson